

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Laugardalur Laugardalur, Húsavík



Dags eftirlits	11.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Laugardalur	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elvar Árni Lund	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram við eftirlit á urðunarstað Norðurþings við Laugardal á Húsavík. Varða frávikin ófullnægjandi skráningar vegna innra eftirlits rekstraraðila, að sýnatökur vegna grunnvatns voru ekki framkvæmdar árið 2023, að rekstraraðila ber að vakta og tilkynna sérhver skaðleg áhrif vegna urðunar á umhverfið sem koma í ljós út frá vöktun, að skiladagur ársyfirlits í skýrslugjöf var ekki virtur vegna ársins 2023 og vegna móttöku malbiks inn á urðunarstað án vissu um að staðist sé við viðmiðanir vegna móttöku óvirks úrgangs. Opin eru eldri frávik vegna ófullnægjandi frágangs við urðun ásamt ófullnægjandi skráningum og skilum ársyfirlits. Engar ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal við Húsavík í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaðnum er heimilt að taka við allt að 500 t af meðhöndluðum óvirkum úrgangi á ári ásamt heimild til jarðgerðar á 200 t af garðaúrgangi á ári og þá í opnum múgum. Geymsla úrgangs inn á urðunarstað er óheimil, að undantekinni heimild til móttöku á ómenguðum jarðvegi til nýtingar vegna frágangs á urðunarstaðnum (hámark 500 m³ hverju sinni). Urðun spilliefna, fljótandi úrgangs, almenns úrgangs eða úrgangs sem talinn er upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003 er óheimil. Starfsleyfi var gefið út þann 16. desember 2015 og er gildistími þess til 16. desember 2031.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð á urðunarstað

Skráningum vegna innra eftirlits rekstraraðila var ekki skilað inn fyrir tilskilinn tímafrest, þ.e. skýrslu vegna skráningar innra eftirlits í skýrslugjöf til Umhverfisstofnunar. Þar þurfa að koma fram allar niðurstöður skráninga sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi og ber að skila eftir ákvæðum starfsleyfis sbr. gr. 5.4.

Rekstraraðili skilar inn í gagnagátt Umhverfisstofnunar upplýsingum um allan þann úrgang sem sveitarfélagið tekur á móti sbr. gr. 4.1, en ekki er gerð aðgreining í þeim skráningum um hvorn urðunarstað Norðurþings um ræðir. Er því mikilvægt að í skilum ársyfirlits, komi fram yfirlit yfir skráningar fyrir hvorn urðunarstað fyrir sig. Samkvæmt niðurstöðum skráninga í gagnagátt Umhverfisstofnunar tók rekstraraðili við 332 t af óvirkum úrgangi árið 2023. Má gera ráð fyrir að aðrar skráningar sem þar koma fram tilheyri urðunarstað Norðurþings við Kópasker.

Verktaki sinnir sýnatökum fyrir hönd rekstraraðila og tekur saman gögn varðandi uppgufun frá urðunarstaðnum ásamt veðurathugunum og niðurstöðum sýnatakna. Mælt er með að fella þær niðurstöður inn í ársyfirlit sem rekstraraðili skilar af sér árlega, eða þá að vísa til þess hvenær og hvar þeim sé skilað og gæta að tímafresti við skil.

Farið var yfir niðurstöður úr grunnvatnsmælingum vegna mælinga ársins 2022. Ef niðurstöður mælinga eru bornar saman við umhverfismörk í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, þá eru mælipættir eins og ammonium, efnafræðileg súrefnisþörf (COD) og fosfór að mælast yfir umhverfismörkum sem tekin eru fram í þeirri reglugerð (brunnur hús-B). Eftirtektarvert er gildið á mælingu í leiðni en ásamt því eru miklar sveiflur á niðurstöðum mælinga á olíu og fitu ef bornar eru saman milli brunna. Markverðar breytingar á mælingum á kvikasilfri og tini eru einnig sjáanlegar en haldast innan gæðamarka m.v. sömu reglugerð. Telur eftirlitsaðili að nauðsynlegt sé að gæta að vöktun grunnvatnsins. Árið 2023 tókst ekki að koma á mælingum vegna vatnsleysis í brunnum þar sem mikil þurrkatíð hafði gætt fyrir mælingar. Er mikilvægt að hugað sé að veðuraðstæðum við undirbúning að mælingum ef brunnar séu

viðkvæmir fyrir vatnsleysi, þá sérstaklega eftir þurrkatíðir, verður að dýpka brunna ef ástandið er endurtekið.

Við síðasta eftirlit komu fram fjögur frávik. Fyrsta frávikíð varðaði að úrgangur sem lagður hafði verið í urðunarrein skyldi birgður samdægurs með þekjuefni og ber rekstraraðila samhliða því að halda vinnslufleti í lágmarki hverju sinni. Við eftirlit voru nokkrir úrgangshaugar til staðar sem ekki var búið að þekja yfir og var staðan alík nú. Ljóst er að rekstraraðili vinnur ekki eftir því verklagi sem tilgreint er í starfsleyfi. Safnast töluverður úrgangur upp á urðunarstað og ekki er urðað í urðunarhólfum heldur er úrgangi rutt út og hann svo hulinn. Í erindi frá rekstraraðila setur hann fram röksemdir á móti því að úrgangur sé birgður samdægurs og að frágangur þurfi að vera jafn ör eins og komi fram í starfsleyfi, greinir rekstraraðili frá því að slík framkvæmd sé kostnaðarsöm og ópraktísk í framkvæmd þar sem ekki eru vinnuvélar á svæðinu að öllu jöfnu heldur fær rekstraraðili þriðja aðila til sín, til að sinna frágangi með reglulegu millibili. Hægt er að taka tillit til þess að ekki séu vinnuvélar á staðnum að öllu jöfnu en að sama skapi er ekki hægt að fallast á að mikill úrgangur safnist upp hverju sinni. Var lagt til að rekstraraðili sæki um breytingu á verklagi í fyrirmælum starfsleyfis og færi fram röksemdir og útfærslur á nýju verklagi í úrbótaáætlun vegna fráviksins.

Annað frávikíð varðar ófullnægjandi skil á skráningum í ársskýrslu til eftirlitsaðila. Er staðan nú að skil teljast ekki fullnægjandi. Vantar skil á upplýsingum varðandi atriði vegna tölul. 3 og 4 í gr. 5.1 í starfsleyfi. Umhverfisstofnun bendir á að hægt sé að leita til ráðgjafabjónustu varðandi sigmælingar og úttektar á stöðu urðunar.

Þriðja frávikíð fjallar um vöktun á stöðu og samsetningu grunnvatns eftir mælingaráætlun í starfsleyfi ásamt mælingum á hæð grunnvatnsborðs. Er búið að skila inn upplýsingum vegna mælinga ársins 2022 og 2023 (sjá nánar umfjöllun hér að ofan).

Fjórdða frávikíð fjallaði um skil á niðurstöðum skráninga vegna ársins 2022, og skilum innan tilskilins tímafrests sem er 1. maí ár hvert fyrir niðurstöðurá skráningum vegna undangengis almanaksárs. Þarf að bæta úr því að skiladagar séu virtir. Eftir eftirlit var niðurstöðum mælinga skilað inn vegna ársins 2023. Skráningum úrgangs í gagnagátt Umhverfisstofnunar var skilað 4. apríl 2024. Veðurathugunum og uppgufunarmælingum var skilað þann 30. apríl 2024.

Úrbætur vegna eldri fráviks úr eftirliti ársins 2020 hafa ekki gengið eftir þar sem sveitarfélagið hugðist gera úrbætur á varðandi að úrgangur sé birgður eftir móttöku og skilum á skráningum vegna innra eftirlits rekstraraðila. Engin úrbótaáætlun barst vegna fráviks úr eftirliti ársins 2023, bærust hins vegar athugasemdir vegna þeirra og var einnig óskað eftir leiðbeiningum.

Var rekstraraðila leiðbeint vegna skráninga í gagnagátt Umhverfisstofnunar, og í kjölfarið leiðrétti hann eldri skráningar sem gerðar voru vegna ársins 2022. Réttar tölur vegna ársins 2022 í Laugardal voru móttaka á 298,7 t af óvirkum úrgangi, 33,25 t af malbiki og 0,017 t af hreinum jarðvegi samtals 332 t.

Við eftirlit kom fram að malbik fer inn á urðunarstað. Verður rekstraraðili að geta sýnt fram á að malbik sem fer inn á urðunarstað innihaldi ekki koltjöru og sé hlutlaust sem óvirkur úrgangur en urðunarstaður hefur eingöngu heimild til móttöku á óvirkum úrgangi. Áður en tekið er á móti slíkum úrgangi þarf rekstraraðili að sýna fram á að fullnægjandi skilyrðum til móttöku sé náð miðað út frá hvort úrgangur telst tækur fyrir óvirkan urðunarstað, sbr. viðauka II í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Er rekstraraðili hvattur til að skoða endurvinnslufarvegi fyrir malbik og uppfæra umhverfismarkmið sín vegna beggja urðunarstaða.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

grein 5.1 í starfsleyfi:

Skráningar vegna tölul. 3.-4. liggja ekki fyrir vegna ársins 2023 varðandi stöðu urðunarstaðar og sigmælingar.

grein 5.2 í starfsleyfi:

Ekki voru framkvæmdar sýnatökur vegna ársins 2023 þar sem grunnvatnsstaða var lág þegar sýnataka átti að fara fram. Ber rekstraraðila að tryggja að mælibrunnar séu nógu djúpir til að koma á sýnatökum eða að huga að því að sýnatökur séu framkvæmdar með tilliti til veðurfars (utan mestu þurrkatíðar).

grein 5.3 í starfsleyfi:

Gæði grunnvatns neðan urðunarstaðar skal meta út frá samsetningu grunnvatns ofan urðunarstaðar. Niðurstöður á mælingum frá árinu 2022 gefa til kynna að mengun er að mælast í grunnvatni neðan urðunarstaðar

(mælibrunnur, Hús-B). Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

grein 5.4 í starfsleyfi:

Niðurstöðum allra skráninga í heild sinni sbr. gr. 5.1 var ekki skilað fyrir 1. maí 2023 (sjá nánari umfjöllun í skýrslu).

grein 4.3 í starfsleyfi:

Frágangur á úrgangi er ekki framkvæmdur út frá verklagi tilgreindu í starfsleyfi (sjá ýtarlegri umfjöllun í skýrslu).

grein 1.2 í starfsleyfi:

Urðað er malbik inn á urðunarstaðnum, óheimilt er að urða úrgang nema að um óvirkan úrgang ræðir, sbr. tl. 2.1 í II viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og í samræmi við reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs nr. 1040/2016. Fara skal fram samræming við viðauka II í rgl. 738/2003 um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir